

RAFIDNADARSAMBAND ÍSLANDS

33. FUNDUR MIÐSTJÓRNAR HALDINN FÖSTUDAGINN 24. JANÚAR 2014.

Mæting:

Kristján Þórður Snæbjarnarson, Jens Ragnar Heiðarsson, Sigurður Sigurðsson, Ómar Baldursson, Grétar Guðmundsson, Guðrún S Bergþórsdóttir, Eva K. Benjamínsdóttir, Sigurjón Ingvarsson, Jón Ingi Skúlason, Jón Ólafur Halldórsson, Sighvatur D. Sighvatz, Finnur Víkingsson, Jón Óskar Gunnlaugsson, Svanborg Hilmarsdóttir, Andri Jóhannesson, Jakob Tryggvason, Bára Halldórsdóttir sem ritar fundargerð.

Forföll boðuðu: Helgi Jónsson, Hafliði Sívertsen, Einar Kristinsson og Júlía Björk Þórðardóttir.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
2. Kjarasamningar
3. Skoðanakönnun
4. Tekjuuppgjör RSÍ 2013
5. Orlofshúsamál
Endurnýjun bifreiða
Kaupmannahöfn
6. Málefni sambandsstjórnarfundar
7. Málefnanefndir ASÍ
8. Nordisk forum - kvennaráðstefna
9. Fundaáætlun vorsins
10. Sameining Virðingar og Auðar capital
11. Fjölskylduhátíðarnefnd
12. Önnur mál

Frumvarp til laga, 143. löggjafarþing - þingskjal 275

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar
Samþykkt án athugasemda.

2. Kjarasamningar:

Atkvæðagreiðslu um kjarasamning RSÍ - SA/SART lauk á miðnætti 21. janúar og var felldur með með 52,37% atkvæða.

Atkvæði greiddu 653 félagsmenn af 2688 eða 24,3% félagsmanna á kjörskrá.

Já sögðu 46,10%

Nei sögðu 52,37%

Auðir og ógildir voru 1,53%

Sjá fylgiskjal.

Nú er það í höndum miðstjórnar og samninganefndarinnar að ákveða næstu skref og vinna úr stöðunni. Kristján hefur þegar óskað eftir fundum með samningsaðilum hjá ákveðnum hópum. Hann fór yfir stöðuna og þá punkta sem komu fram á félagsfundum sem mætti reyna að koma

inn í næsta samning. Erfitt verður að sækja meira án átaka en það verður reynt. Staðan var rædd út frá hinum ýmsu sjónarhornum, m.a. hvaða leiðir eru færar. Hægt væri að hefja viðræður vegna sérkjarasamninga og verður gengið í það.

Gera þarf nýja skoðanakönnun og reyna að fá skýra mynd af því hvað fólk vill. Kristján óskaði eftir þátttöku miðstjórnarmanna við að semja spurningar í skoðanakönnun og gáfu eftirtaldir kost á sér í slíka vinnu: Jón Ingi Skúlason, Sighvatur D. Sighvatz og Bára Halldórsdóttir.

3. Tekjuuppgjör RSÍ 2013

Kristján fór yfir tekjuuppgjör sl. árs og hafa tekjur aukist um rúmlega 7%.

Sjá fylgiskjal. Óskað var eftir að inn í skjalið kæmi fjöldi félagsmanna á bak við þessar tölur.

4. Orlofshúsamál.

Lagt fram meðfylgjandi skjal vegna orlofsíbúða.

Ákveðið var að leigja nýja íbúð í Kaupmannahöfn allt árið. Íbúðin á Johan semps gade verður laus frá miðjum ágúst og reynt verður að finna aðra íbúð þangað til. Endurnýja þarf sendibíl á Apavatni þar sem sá gamli sem er 2007 árgerð er orðin ansi slitinn. Nýr bíll kostar 6 - 7 millj. og bent var á að skoða einnig rekstrarleigu. Sigurði og Kristjáni var falið að skoða málið og finna bestu lausnina.

5. Málefni sambandsstjórnarfundar. Sambandsstjórnarfundur verður 9. - 10. maí í Stykkishólmi. Ef einhver málefni liggja á miðstjórnar-mönnum þá er óskað eftir þeim.

6. Málefnanefndir ASÍ. Ef einhver vill losna úr málefnanefndum þá er rétti tímapunkturinn núna.

7. Nordisk forum - kvennaráðstefna í Malmö júní 2014. Samþykkt að styrkja konur um 800 SEK sem er þátttökugjald sé greitt fyrir 21. mars.

8. Fundaáætlun vorsins. Sjá meðfylgjandi blað. Síðasti fundur fyrir sumarið verur 23. maí ekki þann 30. Maí eins og fram kom í upphaflegu skjali.

9. Sameining Virðingar og Auðar capital var samþykkt en FME á eftir að samþykkja. Við þurfum að huga að því hvað við ætlum að eiga mikið í þessu félagi.

10. Fjölskylduhátíðarnefnd. Í nefndinni eru Bára, Einar, Hafliði, Guðrún, Jakob, Stefán Sveinsson og Ísleifur Tómasson.

11. Önnur mál

Frumvarp til laga, 143. löggjafarþing - þingskjal 275

Kristján sagði frá frumvarpi sem fjallar um að færa rafmagnsöryggiseftirlit vegna raffanga frá Neytendastofu yfir til Mannvirkjastofnunar. Þess ber að geta að rafmagnsöryggiseftirlitið var allt, rafföng sem og eftirlit með rafmagnsmálum bygginga, á einum stað hér áður fyrr hjá Löggildingarstofu (síðar Neytendastofu). Það eru fá rök fyrir því að eftirlitið sé á tveimur stöðum enda kallar það á fleiri tilkynningar og skýrslur. Kristjáni var falið að semja umsögn í samráði við Mannvirkjastofnun.

Grétar spurði um fánaborg sem verður á verðlaunaafhendingu nýsveina sem haldin er ár hvert. Borgað hefur verið 50 þús. frá hverju félagi. Kristján og Jens upplýstu um málið.

Fleira var ekki fært til bókar og fundi slitið kl. 15:42